

## Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og bæklunarlækna, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi þessum um bæklunarlækningar utan sjúkrahúsa fyrir sjúkratryggða skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og slysatryggða skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

### 1. gr.

#### Gildissvið

Samningur þessi tekur til bæklunarlækna, sem reka eigin starfsstofur utan sjúkrahúsa og veita þjónustu einstaklingum sem eru sjúkratryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða slysatryggðir skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Þau læknisverk, sem samið er um að unnin séu á grundvelli samnings þessa, koma fram í meðfylgjandi gjaldskrá, fylgiskjali nr. I, með þeim takmörkunum er um getur í samningnum. Um svokölluð efnisgjöld vísast til sérstaks samkomulags milli Tryggingastofnunar ríkisins, nú SÍ, og Læknafélags Reykjavíkur, dags. 28. september 2004. SÍ er heimilt að fella einstök verk af gjaldskrá ef áherslur yfirvalda heilbrigðismála breytast á samningstímabilinu, en veita skal læknum hæfilega aðlögun vegna slíkra ákvarðana. Ennfremur er SÍ heimilt að semja sérstaklega við einstaka lækna eða félög lækna um tiltekin læknisverk eða rannsóknir, jafnvel þó umrædd verk séu í gjaldskrá samkvæmt samningi þessum.

Samningur þessi nær ekki til nýrrar starfsemi bæklunarlækna, sem hefur hærri stofnkostnað en nemur venjulegum stofnkostnaði lækningastofu, nema sérstakt samþykki SÍ komi til.

Bæklunarlækni sem starfar skv. samningi þessum er óheimilt að starfa jafnframt sem almennur heimilislæknir nema sérstakt samþykki SÍ komi til, enda skal samningur þessi á engan hátt koma í veg fyrir að því markmiði heilbrigðisyfirvalda verði náð að frumlækningar og heilsuvernd séu unnin af heimilislæknum og heilsugæslustöðvum.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstörf, hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skimun, nema hennar sé sérstaklega getið í gjaldskrá.

### 2. gr.

#### Aðild að samningi

Bæklunarlæknar, sem hafa sérfræðileyfi á Íslandi, geta gerst aðilar að samningi þessum með því að undirrita yfirlýsingu um aðild, sem er fylgiskjal nr. II með samningi þessum, og senda hana til SÍ fyrir 10. ágúst 2009. Í yfirlýsingunni skal koma fram nafn og kennitala læknis og upplýsingar um sérfræðináms og sérfræðiréttindi, upplýsingar um það hvort bæklunarlæknir starfar á heilbrigðisstofnun, hvenær bæklunarlæknir hyggst hefja störf skv. samningi þessum, umfang væntanlegs reksturs, þ.e. opnunartíma starfsstofu, hvers kyns aðgerðir og verk viðkomandi hyggst vinna, staðsetningu starfsstofu og rekstraráætlun.



### 3. gr. Kröfur til læknis

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin á starfsstofu bæklunarlæknis sem fengið hefur staðfestingu landlæknis, sbr. lög um landlækni nr. 41/2007. Bæklunarlæknir ábyrgist faglega hæfni aðstoðarfólks síns, þagnarskyldu þess og þjónustulipurð.

Bæklunarlæknir skal uppfylla faglegar lágmarkskröfum skv. lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og reglugerða settar samkvæmt þeim. Hann skal stunda góða viðurkennda læknisfræði. Starfsstofa skal uppfylla kröfur SÍ og leiðbeinandi reglur sérgreinarinnar. Um færslu og varðveislu sjúkraskráa bæklunarlæknis gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009

Bæklunarlæknir skal tilkynna SÍ um breytingar á þeim tíma sem þjónusta hans stendur sjúklingi til boða, svo og um breytingar á staðsetningu starfsstofu. Verulegar breytingar á þjónustu eru háðar samþykki SÍ

Þjónusta bæklunarlækna skal veitt sem jafnast yfir almanaksárið. Miðað skal við að eigi minna en fjórðungur eininga sé unninn síðustu fjóra mánuði ársins.

Bæklunarlæknir skal vera til viðtals í síma fyrir sjúklinga sína ákveðna tíma í viku. Bæklunarlæknir skal gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga á starfsstofu standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi læknir að breyta viðtalstíma.

Bæklunarlæknir skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við vísun á rannsóknir og lyf og aðra meðferð með hliðsjón af góðri viðurkenndri læknisfræði.

Þegar bæklunarlæknir hefur lokið rannsókn sinni og/eða meðferð á sjúklingi, skal hann senda heimilislækni sjúklings skýrslu um niðurstöður sínar eða annað, sem skiptir máli, þ.á.m. leiðbeiningar um framhaldsstundun eða eftirlit, sbr. 2. gr. reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 1204/2008. Ljúki meðferð sjúklings ekki á þremur mánuðum, skal bæklunarlæknir gefa heimilislækni upplýsingar um heilsufar sjúklings. Tryggingalæknir skal eiga rétt á samriti af bréfi bæklunarlæknis til heimilislæknis samkvæmt grein þessari.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við bæklunarlækni, að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Bæklunarlækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá, sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan, sbr. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1204/2008.

### 4. gr. Aðgerðaráætlun

Sjúkraskrá bæklunarlæknis skal jafnframt þjóna sem aðgerðaráætlun þegar fyrirhugað er að framkvæma aðgerð sem felur í sér aðkomu svæfingalæknis. Áætlunin skal byggja á fyrirliggjandi sjúkdómsgreiningu og eftir atvikum viðeigandi skilgreiningum og ábendingum læknisverka. Ætlaður ávinningur aðgerðar svo og horfur án aðgerðar skulu

koma fram í áætluninni. Í aðgerðaráætlun skal tilgreina einstök læknisverk, sbr. gjaldskrá, svo og fjölda þeirra.

Aðgerðaráætlun skal kynnt sjúklingi áður en aðgerð er framkvæmd og hann upplýstur um fyrirhugaða aðgerð eins og kostur er. Á sama hátt getur sjúklingur að lokinni aðgerð óskað skýringa ef árangur aðgerðar er ekki sá sem stefnt var að í upphafi. Bæklunar-læknir varðveitir þessar upplýsingar og veitir SÍ aðgang að þeim eftir sömu reglum og gilda um lögbundin sjúkraskrárgögn.

## 5. gr.

### Verð á þjónustu og afslættir

Verð á umsamdri þjónustu bæklunarlækna er tilgreint í meðfylgjandi gjaldskrá. Það miðast við að bæklunarlæknir leggi sér sjálfur til alla nauðsynlega aðstöðu og aðstoð. Innifalin eru öll gjöld og annar kostnaður bæklunarlæknis, nema efnisgjöld, sbr. samning milli Tryggingastofnunar ríkisins, nú SÍ, og Læknafélags Reykjavíkur, dags. 28. september 2004.

Bæklunarlækni skal aðeins heimilt að innheimta gjald fyrir læknisverk, sem falla undir meðfylgjandi gjaldskrá. Álag vegna yfirvinnu og helgidagavinnu greiðist ekki. Sé verk ekki í gjaldskrá verður það ekki unnið á kostnað SÍ.

Eftirfarandi almenn atriði eru innifalin í gjaldliðunum viðtal og skoðun: Taka sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og allt sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Enn fremur öll vinna við sjúkraskrá, samtöl við heilbrigðisstarfsmenn um sjúkling, móttaka og mat á rannsóknaniðurstöðum, símtöl við sjúkling. Aðrar rannsóknir og aðgerðir, sem sérstaklega er innheimt fyrir eru ekki innifaldar. Ef tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir, þ.m.t. deyfingar, eru gerðar í sömu lotu, kemur fullt gjald fyrir fyrstu aðgerðina, þá sem hærra eða hæst er metin, en hálf gjald fyrir hinar.

Bæklunarlæknir skal veita 50% afslátt af reikningum sínum miðað við mánaðarlegan einingafjölda umfram 5.000 einingar ef hann telst ekki í starfi hjá stofnun sem rekin er fjárhagslega af ríkissjóði. Teljist hann í starfi hjá stofnun skulu viðmiðunarmörk afsláttarins lækka og vera eftirfarandi:

Útreiknað starfshlutfall	Viðmiðunarmörk afsláttar
< 01%	5.000 ein.
01 – 10%	4.750 ein.
11 – 20%	4.500 ein.
21 – 30%	4.250 ein.
31 – 40%	4.000 ein.
41 – 50%	3.750 ein.
51 – 60%	3.500 ein.
61 – 70%	3.250 ein.
71 – 80%	3.000 ein.
81 – 90%	2.750 ein.
> 91%	2.500 ein.

Einingar þær sem koma til afsláttar eru allar gjaldskráreiningar að frádregnum 48% eftir að búið er að draga frá einingar vegna sérstakra tækjagjalda.

Við útreikning starfshlutfalls er miðað við samanlögð laun og verktakgreiðslur læknis hjá stofnun sem rekin er fjárhagslega af ríkissjóði. Ef læknir fær 900 þús. kr. á mánuði í heildarlaun frá stofnun reiknast starfshlutfall hans 100%, en annars í réttu hlutfalli við þá fjárhæð. Ef læknir fær 1.731 þús.kr. á mánuði í verktakagreiðslu frá stofnun reiknast starfshlutfall hans 100%, en annars í réttu hlutfalli við þá fjárhæð.

Viðmiðunarmörk afsláttar tímabilið júlí – desember miðast við útreiknað starfshlutfall tímabilið janúar – júní næst á undan. Viðmiðunarmörk tímabilið janúar – júní miðast við útreiknað starfshlutfall tímabilið júlí – desember næst á undan. Ef staðfestar upplýsingar til útreiknings á starfshlutfalli berast ekki til SÍ skulu viðmiðunarmörk afsláttar vera 2.500 einingar á mánuði.

Þegar bæklunarlæknir gerist aðili að samningi þessum getur hann farið fram á að viðmiðunarmörk afsláttar séu sérstaklega ákvörðuð fyrsta árshelminginn sem hann starfar skv. samningi þessum. Í stað viðmiðunar við undangengið tímabil skal þá miða við starfshlutfall hans fyrsta tímabilið sem hann starfar skv. samningnum. Til uppgjör á tímabilinu er byggt á áætluðu starfshlutfalli, en endanlegur útreikningur og uppgjör skal eiga sér stað eftir tímabilið.

Afsláttur skal reiknast mánaðarlega og uppfærast miðað við meðaltal fjölda eininga í samanlögðum mánuðum hvers almanaksárs. Möguleg inneign bæklunarlæknis kemur þó ekki til útborgunar nema um sé að ræða a.m.k. fjögurra mánaða þjónustutímabil.

## 6. gr.

### Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir læknisverk skv. samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald samkvæmt 29. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð nr. 1204/2008.

Þeim hluta greiðslu, sem SÍ ber að greiða skv. samningi þessum skal bæklunarlæknir aldrei veita viðtöku úr hendi hins sjúkratryggða.

Sjúkratryggðum einstaklingi er heimilt að óska eftir því að bæklunarlæknir taki hann til meðferðar án greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þessi ósk sjúklings skal vera skrifleg. Ekki er heimilt að nota þetta ákvæði nema viðkomandi bæklunarlæknir geti boðið sjúklingi þjónustu samkvæmt öðrum greinum samnings þessa (þ.e. innan almannatryggingakerfisins) á sama tíma þannig að sjúklingur hafi raunverulegt val á greiðsluáðferð. Óheimilt er að nota þetta ákvæði til að veita sjúklingi forgang á biðlista. Bæklunarlækni er óheimilt að krefja viðkomandi sjúkratryggðan einstakling um herra gjald fyrir verkið en umsamið er samkvæmt gjaldskrá. Gefa skal út reikning til sjúklings á hefðbundnu formi. Ef sjúklingur krefur síðan SÍ um endurgreiðslu viðkomandi reiknings skal verkið talið unnið af bæklunarlækni “innan samnings” í þeim skilningi að reikningsfjárhæðin skal umreiknuð í einingar og þær síðan taldar með þegar afsláttur bæklunarlæknis er reiknaður með venjubundnum hætti. Aðilar skulu ekki hafa

nein afskipti af ákvarðanatöku einstakra sjúklinga um það hvort þeir óski lækni meðferðar án greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

**7. gr.**  
Greiðsluhluti SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 6. gr. nemi fullri þóknun að frádregnum afslætti skv. 5. gr.

**8. gr.**  
Reikningar

Reikningar bæklunarlæknis til SÍ skulu vera í stöðluðu formi og skal þar m.a. tekið fram nafn, kennitala og heimili sjúkratryggðs, hvaða dag læknisverk fór fram og hvað var gert, gjaldskrárlíðir, einingafjöldi og greiðsluhlutur sjúkratryggðs. Sjúkratryggður skal staðfesta reikning með undirskrift sinni við hverja heimsókn og fá afrit reiknings. Enn fremur skal koma fram hvar þjónustan var veitt.

Bæklunarlæknir skal leggja sér sjálfur til stöðluð reikningseyðublöð.

Reikningar bæklunarlæknis til SÍ skulu flokkaðir eftir þjónustumánuðum og eftir því hvar þjónustan var veitt og skal fylgiseðill, þar sem getið er fjölda reikninga, heildarfjölda eininga, heildarfjárhæð reikninga og reiknaðrar hlutdeildar sjúkratryggðra fylgja reikningum hvers mánaðar.

Reikningar fyrir læknisstörf hvers mánaðar þurfa að berast SÍ í síðasta lagi 15. næsta mánaðar. SÍ greiða reikninga inn á bankareikninga bæklunarlækna innan 12 daga frá móttöku reikninga ásamt fylgiseðlum séu reikningarnir athugasemdaleausir.

Fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu lækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af bæklunarlæknum sem hafa heimild til að vinna eftir samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi bæklunarlækni. Þessi reikningsskilamáti skal í engu breyta stöðu læknis gagnvart sjúkratryggðum og SÍ.

SÍ geta hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og ber bæklunarlækni að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings.

Ef reikningar eru sendir rafrænt ber að fara eftir færslulýsingu sem SÍ hafa samþykkt og birt er á heimasíðu SÍ. Tvær aðferðir koma til greina:

Aðferð I: Bæklunarlæknir sendir diskling, geisladisk eða USB lykil til SÍ með gögnum hvers mánaðar. Disklingurinn/diskurinn/lykilinn verður að vera vel merktur með nafni bæklunarlæknis (starfsstofu ef um fleiri en einn bæklunarlækni er að ræða) og heimilisfangi. Jafnframt þarf að koma fram hvaða tímabil er um að ræða. Þó svo að reikningar berist til SÍ á þennan hátt verða frumrit reikninga og yfirlit einnig að berast SÍ nema annað verði sérstaklega samþykkt.

Aðferð II: Bæklunarlæknir sendir reikninga fyrir sérfræðilæknishjálp rafrænt yfir netið. Berist reikningar til SÍ á þennan hátt þarf hvorki frumrit reikninga á pappír né yfirlit og að auki er stefnt að tíðari greiðslum SÍ á reikningum fyrir læknisstörf en tilgreindar eru í 4. mgr.

**9. gr.**

Aðgangur að læknisfræðilegum upplýsingum

Læknar SÍ eða eftir atvikum aðrir heilbrigðisstarfsmenn SÍ skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrár bæklunarlæknis er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 46. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

**10. gr.**

Ábyrgð

Bæklunarlæknir skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi og færa sönnur á það ef aðilar óska þess.

Auk almennra skaðabótareglna ber bæklunarlæknir ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum sínum, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Bæklunarlæknir skal gæta þess að vera váttryggður fyrir tjóni sem hann kann að bera ábyrgð á skv. lögum um skaðsemisábyrgð.

**11. gr.**

Kvartanir

Bæklunarlæknir eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu. Hvor aðili um sig getur vísað álitamáli eða kvörtun til úrlausnar hjá sérstakri samstarfsnefnd, sbr. samstarfssamning Íslenska bæklunarlæknafélagsins og SÍ frá 21. júlí 2009.

**12. gr.**

Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við bæklunarlækna og heimsóknunum á starfsstofur. Bæklunarlæknum er skylt að veita læknum eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að þjónusta bæklunarlækna uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni.

### 13. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að bæklunarlæknir uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi bæklunarlækni. Með sama hætti skal bæklunarlækni heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur bæklunarlækni er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

### 14. gr.

Lok starfsemi

Bæklunarlæknir, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, skal tilkynna það skriflega til SÍ með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, hvenær hann muni hætta störfum.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart bæklunarlækni, sem hefur orðið uppvís að misbeitingu gjaldskrár eða uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum að öðru leyti, að undangenginni aðvörun.

Sé um stórkostlegt misferli hjá bæklunarlækni að ræða, getur SÍ fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart honum. Sama gildir gagnvart bæklunarlækni, sem verður uppvís að því að senda reikninga fyrir þjónustu sem unnin er á opinberri sjúkrastofnun. Skal það tilkynnt bæklunarlækninum bréflega.

### 15. gr.

Endurskoðun á gjaldskrárliðum

Á samningstímabilinu skal stöðugt unnið að endurskoðun á ýmsum gjaldskrárliðum og/eða greiðsluþátttöku SÍ í einstökum verkum, þannig að einungis verði á gjaldskrá verk sem teljist gagnreynd læknisfræði.

**16. gr.**  
Einingarverð.

Einingarverð skal frá 1. ágúst 2009 vera kr. 266,00. Frá 1. apríl 2010 verður það kr. 271,00.

Þessu til viðbótar mun SÍ greiða fjórar krónur aukalega við umsamið einingarverð til þeirra bæklunarlækna sem skila reikningum á rafrænu formi í samræmi við staðla SÍ skv. aðferð I, en sex krónur í stað fjögurra ef skilað er rafrænt skv. aðferð II, sbr. 7. mgr. 8. gr. Sjúklingshluti mun hins vegar reiknaður út frá einingarverði skv. 1. mgr.

**17. gr.**  
Dómsmál




Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**18. gr.**  
Gildistími

Fjárhagslegar skuldbindingar samnings þessa eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Taki stjórnvöld ákvörðun um aðhaldsaðgerðir við gerð fjárlaga má gera ráð fyrir að þær taki bæði til þeirrar þjónustu sem samningurinn tekur til og ríkisstofnana og annarra aðila sem veita sambærilega þjónustu. Komi til aðhaldsaðgerða á samningstímanum munu þær ná til allra samninga milli SÍ og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstétta. Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2009 til 31. mars 2011.

Reykjavík, 21. júlí 2009

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

## Gjaldskrá

### skv. rammasamningi SÍ við bæklunarlækna

Gildir frá			Aðgerðalæknir		Svæfingalæknir	
01.08.2009			Tækjagj. (viðbót)			
Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Gj.nr.	Ein.	Gj.nr.	Ein.
53-301-01	Viðtal og skoðun.	16				-
	Eftirfarandi almenn atriði eru innifalin í gjaldaliðnum:					
	Taka sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og allt sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Enn fremur undirbúningur og frágangur sjúkraskýrslu, útfylling eyðublaða, ritun læknabréfs, viðræður við lækna, félagsráðgjafa eða aðra um sjúkling, móttaka og mat á rannsóknarniðurstöðum, símtöl við sjúkling. Aðrar rannsóknir og aðgerðir, sem sérstaklega er innheimt fyrir eru ekki innifaldar. Gert er ráð fyrir að þetta gjaldskrárnúmer sé notað þegar um er að ræða endurkomu, þ.e. viðtal og skoðun eftir fyrsta viðtal og skoðun, svo og fyrstu komu vegna einfaldra algengra vandamála. Má nota með gjaldliðum 53-315-01, 53-315-02 og 53-315-03, þegar það á við.					
53-302-01	Álag vegna 1. skoðunar bæklunarlæknis vegna sjúkdóms eða slyss.	10				-
	Gert er ráð fyrir að þessi gjaldskrárliður sé notaður við fyrstu skoðun bæklunarlæknis á algengustu vandamálum í þessari sérgrein. Um sé að ræða vandamál sem takmarkist við afmarkað líkamssvæði, án sértækra rannsókna eða frekari gagnaöflunar. Viðtal og ítarleg sérfræðingsskoðun takmarkist við þetta líkamssvæði, án sértækra rannsókna eða frekari gagnaöflunar. Þessi gjaldskrárliður er einnig notaður fyrir endurkomu eftir aðgerð með stærri umbúðaskiptum og sármeðferð eða skoðun röntgenmynda vegna meðferðar. Má nota oftár við samfellda eftirmeðferð eftir aðgerðir og áverka. Gert er ráð fyrir að þessum gjaldskrárliði sé ekki beitt oftár en á 12 mánaða fresti, sem álag við fyrsta viðtal og skoðun, nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu. Þennan gjaldskrárlið má nota með 53-301-01 (og 53-315-01, 53-315-02 og 53-315-03, þegar það á við).					
53-302-02	Álag vegna sérlegs ítarlegs mats.	19				-
	Álag vegna sérstaklega ítarlegs viðtals og skoðunar bæklunarlæknis. Miðað er við að sjúklingur sé í viðtali og skoðun hjá lækni a.m.k. 30 mín. Þessi gjaldskrárliður er notaður þegar um er að ræða flóknari tilfelli, sjúkdóma eða afleiðingar slysa á fleiri en einu líkamssvæði, sem krefst þá umfangsmikillar skoðunar bæklunarlæknis. Gert er ráð fyrir eigin skoðun bæklunarlæknis á myndgreiningarrannsóknum eða öðrum sérhæfðum rannsóknum, þegar við á. Ítarleg skoðun á stoðkerfi og taugaskoðun er innifalin í þessum gjaldskrárliði. Sérstök ítarleg handarskoðun bæklunarlæknis sem er sérfræðingur í handarskurðlækningum fellur undir þennan lið svo og ítarleg stoðkerfisskoðun bæklunarlæknis á fötlunum barna vegna afleiðinga sjúkdóma eða afleiðinga meðfæddra eða áunninna galla. Gert er ráð fyrir að þessum gjaldskrárliði sé ekki beitt oftár en á 12 mánaða fresti, sem álag við viðtal og skoðun, nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu. Þennan gjaldskrárlið má nota með 53-301-01 (og 53-315-01, 53-315-02 og 53-315-03, þegar það á við).					

	1) ATH!					
	<b>Í gjaldliðum 53-303-02 - 53-308-19 og 53-320-01 og 53-320-02 er innifalið viðtal, 1. skoðun og álag þegar það á við.</b>					
53-303-02	Liðhlaup sett (fingur/tá/olnbogi/öxl/hnéskel)	33		53-303-02	29	
53-303-03	Losun á stórum lið í svæfingu	33		53-303-03	29	
53-303-04	Sett gífs eða plastgífs	33		53-303-04	29	
53-303-05	Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar)	33		53-303-05	29	
53-303-20	König aðgerð	39		53-303-20	35	
53-303-30	Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	59		53-303-30	53	
53-304-01	Aðgerð v. tendov. stenansans	62		53-304-01	56	
53-304-03	Bunionectomi við litla liði (hönd, fót)	62		53-304-03	56	
53-304-04	Dregið í stóran lið	62		53-304-04	56	
53-304-05	Fasciotomia á útlím	62		53-304-05	56	
53-304-07	Flexor tenotomiur	62		53-304-07	56	
53-304-08	Meitlun á exostosum (litlum)	62		53-304-08	56	
53-304-09	Miðhlutun smábeina/smáliða (t.d. hamartá)	62		53-304-09	56	
53-304-11	Synovial biopsía	62		53-304-11	56	
53-304-12	Tekið ganglion	62		53-304-12	56	
53-304-13	Tekin bursa (b. olecrani)	62		53-304-13	56	
53-304-14	Transfixation á litlum lið (fingur, tá)	62		53-304-14	56	
53-304-15	Staðbundin beintaka/beinflutningur frá aðgerðarsvæði (t.d. bein tekið úr geislbeini eða fæti aðlægt aðgerðarsvæði)	62		53-304-15	56	
53-305-01	Aðgerð v. hallux valgus - debasering á stórutá	82		53-305-01	76	
53-305-03	Brot sett án skurðar og gífsað	82		53-305-03	76	
53-305-04	Tekið osteosyntesmaterial (miðlungs)	82		53-305-04	76	
53-305-05	Tekið sesam bein	82		53-305-05	76	
53-305-06	Tenotomiur (t.d. Homan)	82		53-305-06	76	
53-305-07	Þrautarréttung á krummafæti	82		53-305-07	76	
53-305-08	Liðspeglun (til rannsóknar á lið), hné	82	53-0TG-09	50	53-305-08	76
53-305-09	Liðspeglun (til rannsóknar á lið), olnbogi	82	53-0TG-10	50	53-305-09	76
53-305-10	Liðspeglun (til rannsóknar á lið), úlnliður	82	53-0TG-11	50	53-305-10	76
53-306-01	Aðgerð v. brota á handarbeinum	103		53-306-01	95	
53-306-02	Aðgerð v. pseudoarthrosis á os Navicularis	103		53-306-02	95	
53-306-03	Artrotomia	103		53-306-03	95	
53-306-04	Caput radii/ulna resectio	103		53-306-04	95	
53-306-05	Epiphyseodesis prox. eða dist (hné, ökkli)	103		53-306-05	95	
53-306-06	Innri festing á minni háttar broti	103		53-306-06	95	
53-306-07	Lat. release	103		53-306-07	95	
53-306-08	Losun á hælslínslíðri	103		53-306-08	95	
53-306-09	Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	103		53-306-09	95	
53-306-10	Meðferð á meðfæddri dysplasiu í mjöðm, gífsað	103		53-306-10	95	
53-306-11	Meitlun á exostosum á leggbeinum	103		53-306-11	95	
53-306-12	Osteot. v. pes transversop. (Helal)	103		53-306-12	95	
53-306-13	Resectio á clavicula lat.	103		53-306-13	95	
53-306-14	Réttisinar saumaðar	103		53-306-14	95	
53-306-15	Stendler stripping	103		53-306-15	95	
53-306-17	Tekið osteosyntesumat. (meiri háttar)	103		53-306-17	95	

53-306-18	Tekið rófubein	103			53-306-18	95
53-306-19	Tekið stórt, fasciubundið æxli	103			53-306-19	95
53-306-20	Tekinn metatarsalhaus	103			53-306-20	95
53-306-21	Tumor tekinn djúpt í holdi (extrafacialt)	103			53-306-21	95
53-306-22	Fjarlæg beintaka/beinflutningur frá sérstökum fjarlægum beintökustað	103			53-306-22	95
53-306-23	Op. V. Mb. Morton, frílagning á taug	103			53-306-23	95
53-306-24	Innri festing eftir beinhlutun (ostetomiu)	103			53-306-24	95
53-307-02	Aðgerð v. pseudoarthrosis (meiri háttar)	124			53-307-02	114
53-307-03	Arthrodesa og artroplastic á litlum lið	124			53-307-03	114
53-307-04	Liðspeglun á öxl (til rannsóknar á lið)	124	53-0TG-02	50	53-307-04	114
53-307-05	Beygjusinar saumaðar	124			53-307-05	114
53-307-06	Borun í lið (Pride)	124			53-307-06	114
53-307-07	Kjarnaborun (t.d. mjöðm, patella) / beinabiopsia	124			53-307-07	114
53-307-09	Mein tekið úr beini	124			53-307-09	114
53-307-10	Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	124			53-307-10	114
53-307-11	Plastiskar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	124			53-307-11	114
53-307-12	Reconstr. á ligamentum	124			53-307-12	114
53-307-13	Recsectio lig. coracoacromiale	124			53-307-13	114
53-307-14	Sina-transpl. (hvor áfangi í 2ja áfanga op)	124			53-307-14	114
53-307-15	Sinafærsla	124			53-307-15	114
53-307-16	Sinalengingar, ein eða fleiri	124			53-307-16	114
53-307-17	Synovectomia	124			53-307-17	114
53-307-18	Tekin Baker cysta	124			53-307-18	114
53-307-19	Tuberositasflutningur	124			53-307-19	114
53-307-20	Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	124			53-307-20	114
53-307-21	Fingur eða tær teknar	124			53-307-21	114
53-307-22	Beinhlutun á fjærhluta 1. ristarleggjar (distal metatarsal osteotomia)	124			53-307-22	114
53-307-23	Liðspeglun á ökkla (til rannsóknar á lið)	124	53-0TG-12	50	53-307-23	114
53-307-30	Taug losuð eða flutt	134			53-307-30	124
53-308-01	Aðgerð á liðbrjóski, liðb., liðpoka (Hné...)	165	53-0TG-03	50	53-308-01	153
53-308-02	Liðspeglun - saumaður liðþófi	165	53-0TG-04	50	53-308-02	153
53-308-05	Decompression á öxl, artroscopisk	165	53-0TG-07	50	53-308-05	153
53-308-06	Decompression á öxl, opin	165			53-308-06	153
53-308-07	Saumaður rotator cuff	165			53-308-07	153
53-308-08	Beinhlutun á skaft- eða nærhluta 1. ristarleggjar (diaphyser eða proximal metatarsal osteotomia)	165			53-308-08	153
53-308-09	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, öxl	165	53-0TG-13	50	53-308-09	153
53-308-10	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, ökkli	165	53-0TG-14	50	53-308-10	153
53-308-11	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, olnbogi	165	53-0TG-15	50	53-308-11	153
53-308-12	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, úlnliður	165	53-0TG-16	50	53-308-12	153
53-308-13	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, hné	165	53-0TG-17	50	53-308-13	153
53-308-14	Liðspeglun / liðmús, öxl	165	53-0TG-18	50	53-308-14	153
53-308-15	Liðspeglun / liðmús, ökkli	165	53-0TG-19	50	53-308-15	153
53-308-16	Liðspeglun / liðmús, olnbogi	165	53-0TG-20	50	53-308-16	153
53-308-17	Liðspeglun / liðmús, úlnliður	165	53-0TG-21	50	53-308-17	153
53-308-18	Liðspeglun með meniscect/lat.real/plicect/liðmús, hné	165	53-0TG-22	50	53-308-18	153

53-308-19	Lófafell tekið (meiri háttar, reop)	165			53-308-19	153
53-308-20	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, mjöðm	165	53-0TG-23		53-308-20	153
53-320-01	Krossbandaaðgerð á hné, tveir læknar (læknir 1)	247	53-0TG-08	50	53-320-01	236
53-320-02	Krossbandaaðgerð á hné, tveir læknar (læknir 2)	247				
53-320-03	Krossbandaaðgerð á hné, einn læknir	297	53-0TG-24	50	53-320-03	286
	<b>2) ATH!</b>					
	<b>Með gjaldliðum 53-315-01 - 53-315-03 er heimilt að taka viðtal og álag þegar það á við.</b>					
53-315-01	Inndæling í sinafestur, eina eða fleiri	8				-
53-315-02	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarlið	10				-
53-315-03	Liðstunga í mjaðmarlið	15				-
	<b>3) ATH!</b>					
	<b>Ef tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir, þ.m.t. deyfingar, eru gerðar í sömu lotu, kemur fullt gjald fyrir fyrstu aðgerðina, þá sem hærra / hæst er metin, en hálf fyrir hinar. Sé sama aðgerð gerð á báðum útlimum er þó greitt 75% fyrir síðari aðgerðina.</b>					

*Umsókn bæklunarlæknis um aðild að rammasamningi um bæklunarlækningar milli Sjúkratrygginga Íslands og bæklunarlækna*



**Sjúkratryggingar  
Íslands**  
Laugavegi 114 150 Reykjavík

Tilkynninguna skal póstsenda SÍ, Laugavegi 114, 150 Reykjavík.

1. Nafn bæklunarlæknis:	2. Kennitala:
3. Heimilisfang:	4. Póstnúmer:
5. Sérgrein:	6. Læknisnúmer:
7. Fagfélag:	8. Sjúklingatrygging hjá:
9. Stofuaðsetur:	10. Póstnúmer:
11. Tölvupóstfang:	12. Sími:
13. Nafn fyrirtækis, ef annað en bæklunarlæknis:	14. Kennitala:
15. Starfar bæklunarlæknir á opinberri stofnun eða sjúkrahúsi? <input type="checkbox"/> Já, hvaða _____ <input type="checkbox"/> Nei	16. Ef já, starfshlutfall: %
17. Annað sem læknir vill að komi fram:	

Uppgjör SÍ leggist inn á reikning: \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_  
 (Banki) (Höfuðb.) (reikningsnr.)

*Ég undirrituð/-aður óska eftir aðild að samningi Sjúkratrygginga Íslands og bæklunarlækna um bæklunarlækningar, með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja og ég hef kynnt mér og samþykkt að öllu leyti.*

\_\_\_\_\_  
Dags.

\_\_\_\_\_  
Undirskrift bæklunarlæknis

**Ath!** Ef bæklunarlæknir starfar á fleiri en einni stofu, skal senda eitt blað fyrir hverja stofu.